



Alþingi
Erindi nr. Þ 130/899
komudagur 29.1.2004

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis
b.t. Ágúst Geirs Ágústssonar
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 26. janúar 2004

Sam 016/2004 ÞS/sp
Tilv.: 051

Efni: Frumvarp til laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins

Á fundi stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga 23. janúar, var lagt fram bréf efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, dags. 25. nóvember 2003, þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, 307. mál.

Stjórnin samþykkti meðfylgjandi umsögn um frumvarpið.

Virðingarfyllst
SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Þórður Skúlason
framkvæmdastjóri

Hjálagt: Umsögn um frumvarp til laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins

Umsögn

Sambands íslenskra sveitarfélaga

um frumvarp til laga um breytingar á lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996

Lög nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins gilda ekki um starfsmenn sveitarfélaganna og því mun framangreint frumvarp ekki hafa nein bein réttaráhrif hjá sveitarfélögum verði það að lögum.

Þar sem frumvarpið gerir ráð fyrir að ekki verði lengur litið á uppsögn eða lausn starfsmanns ríkisins sem stjórnvaldsákvörðun geta óbein áhrif þess á sveitarfélögin orðið að dómstólar myndu hugsanlega ekki líta á uppsögn starfsmanns hjá sveitarfélagi sem stjórnvaldsákvörðun þó svo að svarið við þeirri spurningu sé ekki einhlítt. Það væri hins vegar algjörlega óviðunandi staða fyrir sveitarfélögin ef uppsögn starfsmanns sveitarfélags væri að lögum stjórnvaldsákvörðun en ekki uppsögn starfsmanns ríkisins. Eðlilegt væri að Alþingi tryggði sambærilega stöðu stjórnvalda gagnvart stjórnsýslurétti hvað þetta varðar. Þá er einnig æskilegt að réttarstaða starfsmanna ríkis og sveitarfélaga sé sem líkust til að flutningur verkefna milli ríkis og sveitarfélaga sé sem auðveldastur.

Öll sveitarfélögin hafa með einhverjum hætti gert kjarasamninga um réttindi og skyldur starfsmanna sem fela í sér að skylt sé að áminna starfsmann og gefa honum tækifæri til andmæla áður en til uppsagnar getur komið ef starfsmaður hefur brotið starfsskyldur sínar eða að hann uppfyllir ekki lengur þær kröfur sem starfið gerir til hans. Efnisatriði þeirra kjarasamningsákvæða sem um ræðir styðjast m.a. við ákvæði laga nr. 70/1996. Undantekning frá þessu fyrirkomulagi hjá sveitarfélögum er að í gildi eru lög nr. 72/1996 um réttindi og skyldur kennara og skólastjórnaenda grunnskóla með ákvæðum um áminningu o.fl., sbr. 7. og 30. gr. laganna.

Það er því ekki jafn einfalt að ná fram þeim breytingum sem frumvarpið gerir ráð fyrir gagnvart starfsmönnum sveitarfélaga og það er gagnvart starfsmönnum ríkisins. Til að svo megi verða yrði að breyta lögum nr. 72/1996 um réttindi og skyldur kennara og skólastjórnaenda grunnskóla auk þess sem breyta þyrfti sveitarstjórnarlögum og kveða þar á um að uppsagnir starfsmanna séu ekki stjórnvaldsákvæðanir. Eðlilegast væri þó að afmarka gildissvið stjórnsýslulaga í stjórnsýslulögum sjálfum en ekki í sveitarstjórnarlögum eða lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Þá telur sambandið það afar sérkennilega stöðu, sem upp kemur ef frumvarpið verður samþykkt, að uppsögn starfsmanns verður ekki stjórnvaldsákvörðun en ráðning hans sé það. Slíkt getur vart talist skynsamlegt.

Til viðbótar við framangreindar lagabreytingar þyrfti að breyta ákvæðum kjarasamninga sveitarfélaga sem taka mið af því að uppsögn sé stjórnvaldsákvörðun. Slíkum samningum verður ekki breytt einhliða og því nauðsynlegt að ná samkomulag við stéttarfélög um slíkar breytingar.

Sambandið tekur því ekki afstöðu til frumvarpsins og óskar þ.a.l. að svo stöddu ekki eftir þeim lagabreytingum sem nauðsynlegar eru til að tryggja sambærilega niðurstöðu gagnvart starfsmönnum sveitarfélaga enda æskilegt að gera slíkt í samstarfi við stéttarfélög.

Þannig afgreitt á fundi stjórnar sambandsins 23. janúar 2004.



Þórður Skúlason
framkvæmdastjóri